

Tillaga Strandabandalagsins, lögð fram á sveitarstjórnarfundum 1371, 10.12.24

### **Innviðir – Brandskjól**

Fyrir liggur ákvörðun sveitarstjórnar Strandabyggðar um uppbyggingu íbúðahverfis í Brandskjólum og er deiliskipulag þegar komið í kynningu.

Strandabandalagið leggur til að auglýst verði nú eftir verkfræðistofu til að hanna innviði í Brandskjólum, gagna- og lagnakerfi, ásamt því að gera nauðsynlegar lóðateikningar. Vísað er til fjárhagsáætlanagerðar 2024 þar sem gert er ráð fyrir 10 milljónum í þessa innviðauppbyggingu.

Sveitarstjóra er falið að koma verkinu í framkvæmt og gera grein fyrir stöðu þess á sveitarstjórnarfundum héðan í frá.

6.12.24

Þorgeir Pálsson fh Strandabandalagsins